



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Hvalfjarðarsveit 24. maí 2022

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal
Skiplagsfulltrúi
Netf: skipulag@dalir.is

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands barst erindi í tölvupósti þann 11. apríl s.l frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar þar sem beðið er um umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð.

Með erindinu fylgdi breytingatillaga, greinargerð og uppdráttur, sem unnin er af Landsmótun dagsett 2. mars 2022.

Í erindi skipulagsfulltrúa Dalabyggðar kemur fram að: „ *breytingin fellst í stækkun skipulagssvæðisins til að koma fyrir merktum gönguleiðum um dalinn, áningarstöðum með upplýsginaskiltum, þrílum yfir girðingu og skógrækt. Þá eru nokkrir byggingareitir fyrir salernisaðstöðu við bílastæði og tjaldsvæði við tóvinnuús bætt inn á uppdrátt. Einnig er legu aðkomuvegar breytt lítillega.* „

Í greinargerð kemur fram að snyrtingar verði settar upp fyrir gesti staðarins og notendur tjaldsvæðis. Eldri rotþró er sýnd á uppdrætti og jafnframt fyrirhuguð ný rotþró. HeV minnir á að staðsetning rotþróa ásamt siturlögn má ekki vera staðsett of nálægt lækjum eða árfarvegi. Vatnból er sýnt á uppdrætti sem fylgdi deiliskipulagsuppdrætti.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur farið yfir tillögu að breyttu deiliskipulagi og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.